



Upplýsingar um umsóknina

Athygli umsækjanda er vakin á því að hægt er að uppfæra notendaupplýsingar undir flípanum Notandi. Þetta getur sérstaklega átt við þegar umsækjandi hefur áður sótt um starfsleyfi en upplýsingar um hann ekki verið endurnýjaðar.

Umsækjandi skal tryggja að nauðsynlegar upplýsingar komi fram í umsókn, samanber 6. grein 550/2018, einkum liðum a til k í annarri málsgrein.

Dæmigerður ferill umsóknar: Dæmigerður ferill máls um starfsleyfisumsókn.pdf

Upplýsingar um rekstraraðila

Samkvæmt reglugerð 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, eiga eftirfarandi upplýsingar um starfsemi að koma fram:

Ábyrgðarmaður umsóknar	Páll Höskuldsson
Sími ábyrgðarmanns	6656172
Netfang ábyrgðarmanns	pah@efla.is
Nafn fyrirtækis	Matfugl ehf
Kennitala fyrirtækis	471103-2330
Starfsstöð fyrirtækis	Völuteigur 2
Póstnúmer og staður	270
Sími fyrirtækis	4121400
Netfang fyrirtækis	sala@matfugl.is
Tengiliður fyrirtækis ef annar en ábyrgðarmaður umsóknar	Tómas Jónsson
Sími tengiliðs	4121407 / 6609606
Netfang tengiliðs	tomas@matfugl.is

Upplýsingar um atvinnurekstur

Lýsið tegund og umfangi atvinnurekstrar, sem og umfangi einstakra rekstrarþátta ef við á

Sótt er um starfsleyfi fyrir alifuglarækt að Hurðarbaki í Svínadal, Hvalfjarðarsveit, fyrir allt að 192.000 eldisrými. Í dag er starfsemi og starfsleyfi fyrir 80.000 eldisrými sem fer fram í tveimur aðskildum húsum. Í framtíðinni er fyrirhugað er að stækka búið í allt að 192.000 eldisrými með byggingu fjögurra nýrra eldishúsa. Húsnæðinu er skipt upp í eldihólf þar sem er eldisrými fyrir allt að 14.000 fugla. Í hvert hólf fara u.þ.b. 1.000 kg af spæni í upphafi hverrar eldislotu. Eldistími hvers eldishóps er um 35 dagar, en að þeim loknum eru húsin tæmd, hreinsuð og sótthreinsuð. Að jafnaði er hver framleiðsluhringur um 42-49 dagar. Kjúklingum frá búinu að Hurðarbaki er slátrað í slátruhúsi Matfugls að Völuteigi 2 í Mosfellsbæ. Hver hópur skilur eftir sig allt að 12,5 tonn af úrgangi, sem samanstendur af skít og spæni, sem mokað er út úr eldishúsinu og færður í yfirbyggða hauggeymslu búsin en gera má ráð fyrir uppsöfnuðum 450-555 tonnum af hæsnaskít um miðjan mars þegar dreifing á tún hefst. Eftir sótthreinsun eru húsin látin standa tóm í allt að tvær vikur áður en nýr hópur kemur. Aðgangur að búinu er takmarkaður og allir gestir verða að vera í hlífðarfötum. Í hverju húsi er búnaður sem stjórnar loftræstingu, lýsingu, raka, fóðrun og hitastigi. Fóðursíló eru staðsett utandyra við húsvegg. Inni í húsunum eru lokaðir drykkjarstútar. Frárennsliskerfi frá húsunum samanstendur af frárennslislögn, siturlögnum og settönkum. Gert er ráð fyrir að hæsnaskít frá búinu verði dreift á tún og akra Hurðarbaks, en einnig nærliggjandi bæja í Svínadal (Hóll, Eyri og Hlíðarfótur).

Uppdrættir af staðsetningu	SVEITARFÉLAGSUPPDRÁTTUR.pdf
Afrit af staðfestu deiliskipulagi	Deiliskipulag Hurðarbak.pdf
Lýsið staðháttum við vinnslustað (rekstrarsvæði)	Lýsing á staðháttum við vinnslustað.pdf

Hvaða efni og orka eru notuð við framleiðsluna?

Við framleiðsluna er notað fóður, vatn, sápa, sótthreinsiefni auk orku í formi raforku, jarðhitavatts og jarðgufu og olíu. Ekki er gert ráð fyrir notkun lyfja.

Út frá upplýsingum í grænu bókhaldi frá 2019 má áætla að árleg notkun fóðurs þegar stækkun er lokið verði um 4.600 tonn, árleg notkun sápu um 550 tonn, árleg notkun sótthreinsiefna um 630 tonn og árleg kaldavatnsnotkun

um 10.000 lítrar. Þá má áætla að árleg notkun raforku verði um 901.000 kWh, árleg notkun olíu um 15.600 lítrar og árleg notkun jarðhitavatns og jarðgufu um 126.500 m³, miðað við fulla framleiðslugetu.

Hver er fyrirsjáanleg losun framleiðslunnar?

Losun í andrúmsloft

Fyrirsjáanleg er losun gróðurhúsalofttegunda vegna brennslu olíu sem notuð er. Miðað við árlega olíunotkun upp á 15.600 lítra (miðað við hámarksframleiðslugetu) er losun koldíoxíðs vegna bruna um 42 tonn CO₂-íg.

Auk þess má búast við losun gláðlofts (N₂O) vegna niturs í hæsnaskít sem borið er á tún og oxast og umbreyttist í N₂O.

Þá má einnig búast við losun illa lyktandi efna vegna framleiðslunnar. Mesta uppspretta lyktarmengunar á kjúklingabúum er frá hæsnahúsum sjálfum og frá úrganginum þegar honum er dreift á tún. Í matsskýrslu vegna stækkunar bú Matfugls að Melavöllum kemur fram að kennsl hafi verið borin á um 75 efnasambönd sem valdið geta lyktarmengun í kjúklingaframleiðslu, og að af þeim sé ammóníak það áhrifamesta og yfirgnæfir gjarnan önnur efnasambönd. Önnur efnasambönd sem gefa frá sér lykt eru t.d. dimethyl disulfide, dimethyl trisulfide, methylmercaptan og skatól. Samkvæmt BAT skýrslu ESB er losun ammóníaks í mörgum tilvikum mest frá hæsnahúsum og að minna leyti vegna dreifingar á hæsnaskít. Í þeirri skýrslu er einnig fjallað um bestu fánlegu tækni í kjúklingaiðnaði og leiðbeiningar og kröfur gefnar fyrir t.d. almennan rekstur kjúklingabúa, húsbúnað og meðhöndlun hæsnaskíts. Þar er einnig umfjöllun um lykt og ráðleggingar gefnar um hvernig má draga úr henni. Þegar hæsnaskít er dreift á tún gufar mikið af ammóníaki (NH₃) upp fyrstu klukkustundirnar einkum ef heitt er í veðri. Mest af ammóníaki gufar upp fyrsta daginn. Magn þess ammóníaks sem gufar upp er háð þáttum eins og sýrustigi, jónaskiptahæfni jarðvegsins, veðurfari og þeirri tækni sem notuð er til dreifingar. Sýrustigi (pH) í íslenskum jarðvegi á grónu landi er almennt um 5-6. Þetta er gott vegna þess að uppgufun ammóníaks er lægri frá áburði við lágt sýrustigi. Einnig er jónaskiptahæfni katjóna mikil í íslenskum jarðvegi sem veldur minni uppgufun. Veðurfur skiptir einnig máli. Ef dreift er við hátt hitastig má búast við meiri lyktarmengun. Rigning dregur úr lyktarmengun en eykur þess í stað útskolun næringarefna úr jarðveginum. Reynsla af dreifingu skíts að Hurðarbaki bendir til þess að lyktarmengun sé mikil strax eftir að borið hefur verið á, en hverfi síðan á nokkrum klukkustundum. Samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands hafa ekki borist kvartanir vegna lyktarmengunar frá búi Matfugls að Hurðarbaki í 7 ár.

Út frá veðurgögnum má leiða líkur að því að ef hæsnaskít verði dreift á jarðir í sveitinni þá verði lyktarmengun mest að Hurðarbaki sjálfu og að verstu skilyrði með tilliti til lyktarmengunar séu hægir vindar þegar hvassar vindhviður ná ekki að dreifa hugsanlegri lykt og þynna hana út. Búast má við því, að þeir sem aka um sveitina þegar dreifing á skít fer fram geti orðið fyrir óþægindum vegna lyktar.

Losun í vatn:

Um Svinadal liggur Laxá í Leirársveit, góð og gjöful veiðiá en jafnframt viðkvæmur viðtaki þegar kemur að mögulegri spillingu vatnsgæða. Hún rennur í Grunnafjörð, sem er friðlýst svæði og einnig Ramsarsvæði. Um 600 m loftlína er frá húsum að Hurðarbaki að Laxá, og rennur allt yfirborðsvatn niður í ána. Milli bú og eldihúsa liggja tún og er skít dreift á þau. Í starfsleyfi eru gerðar varúðarráðstafanir til að varna óþarfa mengun í árvatn, þ.e. að leyfa dreifingu á skít ekki nær árvatni, lækjum eða skurðum en sem nemur 10 m. Ávalt hefur verið fylgt ákvæðum hvað vernd Laxár varðar, og samkvæmt upplýsingum frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands hafa engar kvartanir borist eða athugasemdir verið gerðar varðandi dreifingu á skít í meira en 7 ár. Allt svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði skv. aðalskipulagi og engin vatnsvernd er á svæðinu. Í starfsreglum um góða búskaparhætti kemur fram að þau næringarefni sem valda vatnsmengun eru fyrst og fremst köfnunarefni (N, nitur) og fosfór (P), og að helsta uppspretta köfnunarefnis og fosfórs í landbúnaði eru búfjáráburður, tilbúinn áburður, votheyssafi og fokmold. Í tilfalli Hurðarbaks skiptir búfjáráburður mestu máli.

Styrkleiki heildarköfnunarefnis (N_{tot}) er notaður sem mælikvarði fyrir styrk næringarefna í vatni. Fosfór binst betur í jarðvegi, þ.e. meira af köfnunarefni kemst út í vatnið en af fosfór. Minna er hins vegar af fósfor en köfnunarefni í áburðinum. Matis mældi styrk köfnunarefnis (N) í ánni haustið 2010, og reyndist hann innan við 0,05 mg/L, sem er vel viðunandi, en skv. fylgiskjali með reglugerð 796/1999 um varnir gegn mengun vatns telst á vera „næringarfátæk“, þ.e. falla í flokk „Umhverfismörk I“, ef magn heildarköfnunarefnis er undir 0,3 mg/l. Niðurstöður úr sýni sem tekið var í byrjun júlí 2017, um það bil þremur vikum eftir að hæsnaskít hafði verið dreift á túnin að Hurðarbaki, sýna að heildarmagn N reyndist vera undir greiningarmörkum (<0,1 mg/L) í tveim sýnum sem var tekin voru ofan og neðan við landareign Hurðarbaks. Þetta þýðir að áin féll þá í umhverfismörk I fyrir næringarefni/lífræn efni í ám skv. flokkun í C hluta fylgiskjals með reglugerð 796/1999, og flokkast sem næringarfátæk bæði ofan við dreifingarsvæðið og neðan þess, þ.e. ekki mældust áhrif sem rekja mætti til Hurðarbaks. Búfjáráburði frá Hurðarbaki var dreift á tún Hurðarbaks haustið 2017 og vorið 2018, og voru sýni aftur tekin 10. október 2018. Mældur styrkleiki var 0,15 mgN_{tot}/l ofan Hurðarbaks og 0,16 mgN_{tot}/l við brúna. Skekkjumörk eru 0,04 mg/l og því er ekki marktækur munur milli mælinga ofan og neðan Hurðarbaks. Ef mælingar á heildarköfnunarefni (N_{tot}) eru innan við 0,3 mg/l, eins og raunin var í október 2018, fellur áin enn í umhverfismörk I fyrir næringarefni/lífræn efni í ám skv. flokkun í C hluta fylgiskjals reglugerðar 796/1999, og flokkast áin því sem næringarfátæk bæði ofan og neðan búansins.

Með hliðsjón af ofangreindum viðmiðum um afrennsli og grunnvatn og einkennum mögulegra áhrifa er það mat framkvæmdaaðila að áhrif starfseminnar á afrennsli og grunnvatn verði óveruleg

Losun í jarðveg

Dreifing áburðar frá búinu er áætluð á landbúnaðarlandi og dreifing í samræmi við starfsreglur um góða búskaparhætti.

Köfnunarefni:

- Í skýrslu sem ESB gaf út 1999 og ber heitið "Establishment of Criteria for the Assessment of Nitrogen in Animal Manures" er árlegt magn köfnunarefnis sem hver fugl skilar frá sér talið vera á bilinu 0,23-0,52 kg N/fugl/ári (10).
- Í nýjstu útgáfu BAT skýrslu ESB eru viðmiðin 0,2-0,6 kg N/eldisrými/ári gefin upp (bls. 713).

Fosfór:

- BAT viðmið Evrópusambandsins eru 0-05-0,25 kg P2O5 í úrgangi/eldisrými/ári (bls. 714).

Miðað við upplýsingar í grænu bókhaldi frá 2019 má búast við að árleg losun fosfórs úr hænsnaskít eftir stækkun búsinu verði um 11.200 kg og losun köfnunarefnis um 41.800 kg, miðað við fulla framleiðslugetu.

Ísland skilar losun á eftirfarandi efnum skv. CLRTAP og UNFCCC. Rekstraraðilar er falla undir viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir skila gögnum um losun gróðurhúsalofttegunda skv. lögum nr. 70/2012. Vinsamlegast tilgreinið þá losun í loft sem á sér stað í þeim einingum sem gefnar eru upp í skjalinu. Ef um er að ræða aðra losun er hér er talin upp má bæta við efnum neðst í skjalið.

Fyllið út og skilið inn þessu skjali: Listi skil til althjodasamninga.xlsx

Losunartölur vegna alþjóðasamninga

Mat á umhverfisáhrifum (samanber 6. málsgrein 6. greinar reglugerðar 550/2018)

Upplýsingar um stöðu mats á umhverfisáhrifum eða matsskyldu fyrirspurnar

Mati á umhverfisáhrifum vegna stækkunar kjúklingabúsins úr 60.000 eldisrýmum í allt að 192.000 eldisrými er lokið og var endanlegt mat sent Skipulagsstofnun 5. Júní 2019 með ósk um álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Álit Skipulagsstofnunar var svo gefið út 14. ágúst 2019.

Áhrif á umhverfið

Hver eru áhrif losunar á umhverfið?

Áhrif losunar á umhverfið.pdf

Hvaða mengunarvarnir verða valdar til að hindra eða draga úr losun út í umhverfið?

Losun í vatn/jarðveg

Nýr settankur verður byggður við hver ný tvö hús, samtals tveir nýir tankar. Farið verður eftir þeim leiðbeiningum og kröfum sem settar verða fram varðandi dreifingu hænsnaskíts á tún og akra í landi Hurðarbaks, Hlíðarfótar, Eyra og Hóls, og hvað varðar frárennsli frá kjúklingahúsum. Hauggeymslan verður notuð eftir sem áður, og verður hænsnaskít ekki dreift á votlendi eða mýrar. Tekin verða sýni í Laxá við Hurðarbak tvisvar á ári sbr. starfsleyfi, og greining gerð á heildar köfnunarefni.

Lyktarmengun

Góð loftræsting verður í nýju húsunum, líkt og er í húsunum sem fyrir eru, þ.e. öflugt tölvustýrt loftræstikerfi verður í hverju eldishólfi, tvö á hverju húsi. Heildarafkastageta loftræstikerfis hvers eldishólfs er nær 100.000 m³/klst. Framkvæmdaaðili mun einnig taka tillit til vindáttu og vindstyrks þegar hugað er að dreifingu á svæðinu í kringum Hurðarbak til að lágmarka bæði lyktarmengun og hugsanlegt fok á efni sem valdið gæti óþægindum fyrir nágretta Matfugls á svæðinu. Jafnframt verður hænsnaskít einungis dreift í litlu magni á hvern hektara. Leitast verður við að geyma skítinn áður en honum er dreift, og þannig ætti að nást fram minni uppgufun og lyktarmengun en ella.

Hverjar eru áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun út Agerðir til að fylgjast með losun út í umhverfið.pdf í umhverfið?

Lýsið tilhögun innra eftirlits vegna losunar út í umhverfið

Fyrirtækið mun halda til haga upplýsingum um:

- a) Dreifingu á skít (dagsetningu, hvar dreift, magn og vindátt).
- b) Eftirlit og viðhald mengunarvarnarábúnaðar.
- c) Mengunarslys af öllu tagi.
- d) Kvartanir vegna starfsemi búsinu.
- e) Staðfestingu á móttöku spilliefna og hættulegs úrgangs

Lýsið ráðstöfunum til að koma í veg fyrir myndun úrgangs

Allur úrgangur er flokkaður með því markmiði að endurnýta og/eða endurvinnna eins mikið af úrgangi og hægt er. Efni sem ekki er hægt að endurnýta og/endurvinnna er sent á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang. Hænsnaskít frá búinu er öllum dreift á tún þar sem hann nýtist sem áburður við ræktun.

Lýsið tegund og magni úrgangs sem fellur til við framleiðsluna

Gera má ráð fyrir að heildarmagn hænsnaskíts frá stækkuðu búinu verði um 1.210-1.480 tonn á ári. Magn og köfnunarefnisinnihald hænsnaskítsins ákvarðar landþörf framkvæmdaaðila, og einnig þurfa að vera til staðar lausnir varðandi geymslu hænsnaskíts yfir það tímabil þegar dreifing á hænsnaskít kemur ekki til greina að Hurðarbaki (skv. ákvæði í starfsleyfi búsinu má eingöngu dreifa skít á tímabilinu 15. mars-15. júní og 15. september-1. nóvember ár hvert). Gera má ráð fyrir uppsöfnuðum 450-555 tonnum af hænsnaskít um miðjan mars. Hauggeymslan að Hurðarbaki rúmar þetta magn og meira til. Auk hænsnaskíts má gera ráð fyrir dýrhræjum, blönduðum úrgangi, grófum úrgangi og lituðu timbri.

Miðað við upplýsingar í grænu bókhaldi frá 2019 má áætla að árlegt magn dýrahæja eftir stækkun búans verði um 22.700 kg, magn blandaðs úrgangs um 8.300 kg, magn grófs úrgangs um 10.100 kg og magn litaðs timburs um 3.900 kg, miðað við fulla framleiðslugetu.

Lýsið því hvort aðferðir sem valdar hafa verið til að draga Aðferðir sem valdar hafa verið til að draga úr mengun úr mengun, komi til með að valda mengun annarsstaðar munu ekki koma til með að valda mengun annars staðar.

Munu losunarpættir viðkomandi reksturs hafa í för með sér Losunarpættir rekstursins munu ekki hafa í för með sér sammögnunaráhrif? sammögnunaráhrif.

Skýrsla um grunnástand (ef við á)

Í reglugerð nr. 550/2018 segir í 15. gr.: „Þegar starfsemi felur í sér notkun, framleiðslu eða losun tiltekinnar hættulegra efna skal rekstraraðili, með hliðsjón af mögulegri jarðvegs- og grunnvatnsmengun á iðnaðarsvæði starfseminnar, taka saman og leggja fyrir Umhverfisstofnun skýrslu um grunnástand svæðisins áður en starfsemin hefst eða áður en starfsleyfi starfseminnar er uppfært.“

Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar um skýrslur fyrir grunnástand%lt;/a>.

Skýrsla um grunnástand sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 550/2018

Valkostir í áætluðum aðgerðum til að fylgjast með losun í umhverfið

Annað

Sýniseintök til viðmiðunar:

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar; (Sýniseintak)

Samantekt sem er ekki á tæknimáli um þau atriði sem fram koma í umsókninni.

Staðhættir og veðurfar

Kjúklingabúið er staðsett á jörðinni að Hurðarbaki, sem liggur í mynna Svínadals á Vesturlandi, sunnan Laxár og norðan við Miðfellsmúla og milli jarðanna Vestra-Miðfells og Svarfhólslanda. Kjúklingabúið hefur verið rekið að Hurðarbaki frá því í nóvember árið 2000. Heildarstærð jarðarinnar að Hurðarbaki er 250 ha. Tún þar eru víðfeðm eða alls um 60 ha. Landið er frekar flatt og hægt aflíðandi niður að Laxá. Gróðurfar er fábreytt, aðallega ræktuð tún. Svæðið er að miklu leyti framræst. Ekki er annar búskapur stundaður að Hurðarbaki.

Næsta sjálfvirka veðurstöð er á Hvanneyri og þar er ársmeðalhiti 4,4 °C og ársúrcoma um 1000 mm sem þýðir að um er að ræða eitt af snjóléttari svæðum landsins. Á vindrósi sem fengin er úr Vindatlas á vef Veðurstofu Íslands sést að vestlæg átt er sjaldgæf að Hurðarbaki og að vindáttir sem koma úr norðri og austri eru algengastar. Sjá má að í 47,8% tilvika blæs vindur úr norðri, austri eða norðaustri. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands var meðalvindhraðinn að Hvanneyri árin 1998-maí 2017 3,6 m/s.

Efni og orka notuð við framleiðslu

Við framleiðsluna er notað fóður, vatn, sápa, sóttþreinsiefni auk orku í formi raforku, jarðhitavatts og jarðgufu og olíu. Ekki er gert ráð fyrir notkun lyfja.

Fyrirsjáanleg losun í andrúmsloft, vatn og jarðveg

Fyrirsjáanleg losun gróðurhúsalofttegunda vegna brennslu olíu sem notuð er auk glaðlofts sem myndast eftir að hænsnaskítur er borinn á tún. Þá má einnig búast við losun illa lyktandi efna vegna framleiðslunnar. Mesta uppspretta lyktarmengunar á kjúklingabúum er frá hæsnahúsum sjálfum og frá úrganginum þegar honum er dreift á tún. Ammóníak er áhrifamesta efnasambandið frá kjúklingaframleiðslu sem veldur lyktarmengun. Ef dreift er við hátt hitastig má búast við meiri lyktarmengun. Rigning dregur úr lyktarmengun en eykur þess í stað útskolun næringarefna úr jarðveginum. Reynsla af dreifingu skíts að Hurðarbaki bendir til þess að lyktarmengun sé mikil strax eftir að borið hefur verið á, en hverfi síðan á nokkrum klukkustundum.

Nærleggjandi Laxá í Leirársveit er viðkvæmur viðtaki þegar kemur að mögulegri spillingu vatnsgæða. Um 600 m loftlína er frá húsum að Hurðarbaki að Laxá, og rennur allt yfirborðsvatn niður í ána. Milli búans og eldihúsa liggja tún og er skít dreift á þau. Í starfsleyfi eru gerðar varúðarráðstafanir til að varna óþarfa mengun í árvatni, þ.e. að leyfa dreifingu á skít ekki nær árvatni, lækjum eða skurðum en sem nemur 10 m. Þau næringarefni sem valda vatnsmengun eru fyrst og fremst köfnunarefni (N, nitur) og fosfór (P), en helsta uppspretta köfnunarefnis og fosfórs í kjúklingaræktun er búfjáraburður (hænsnaskítur). Matís mældi styrk köfnunarefnis (N) í ánni haustið 2010, og reyndist hann innan við 0,05 mg/L, sem er vel viðunandi. Niðurstöður úr sýni sem tekið var í byrjun júlí 2017, um það bil þremur vikum eftir að hænsnaskít hafði verið dreift á túnin að Hurðarbaki, sýna að heildarmagn N reyndist vera undir greiningarmörkum (<0,1 mg/L) í tveim sýnum sem var tekin voru ofan og neðan við landareign Hurðarbaks. Mat framkvæmdaáðila er að áhrif starfseminnar á afrennsli og grunnvatn verði óveruleg.

Dreifing áburðar frá búinu er áætluð á landbúnaðarlandi og dreifing í samræmi við starfsreglur um góða búskaparhætti. Miðað við upplýsingar í grænu bókhaldi frá 2019 má búast við að árleg losun fosfórs úr hæsnaskít eftir stækkun búans verði um 11.200 kg og losun köfnunarefnis um 41.800 kg, miðað við fulla framleiðslugetu.

Áhrif losunar á umhverfið

Helstu áhrif losunar köfnunarefnis og fosfórs í formi búfjárburðar verða þegar honum er dreift á tún og næringarefnin skolest burt og enda í ám og vötnum þar sem þau geta valdið næringarefnaofauðgun. Köfnunarefni í áburði getur einnig oxast og myndað hláturgas (N₂O) sem er öflug gróðurhúsalofttegund sem veldur loftslagsbreytingum. Losun koldíoxíðs vegna bruna jarðefnaeldsneytis (olíu) veldur einnig loftslagsbreytingum. Lyktarmengun hefur einna helst áhrif á heilsu og vellíðan íbúa nálægra bæja og þeirra sem aka um svæðið. Mengunarvarnir

Nýr settankur verður byggður við hver ný tvö hús. Farið verður eftir þeim leiðbeiningum og kröfum sem settar verða fram varðandi dreifingu hæsnaskíts á tún og akra og varðandi frárennsli frá kjúklingahúsum. Hauggeymslan verður notuð og skít ekki dreift á votlendi/mýrar. Tekin verða sýni í Laxá við Hurðarbak tvisvar á ári.

Góð loftræsting verður í öllum húsum. Framkvæmdaaðili mun einnig taka tillit til vindátta og vindstyrks þegar hugað er að dreifingu á svæðinu í kringum Hurðarbak. Hæsnaskít verður einungis dreift í litlu magni á hvern hektara.

Áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun

Rekstraraðili heldur uppi vöktunarmælingum til að kanna hvort starfsemi búsins hafi áhrif á köfnunarefnisbúskap í Laxá í Leirársveit, að vori og hausti, skv. núverandi starfsleyfi.

Tilhögun innra eftirlits vegna losunar í umhverfi

Fyrirtækið mun halda til haga upplýsingum um dreifingu á skít, eftirlit og viðhald mengunarvarna, mengunarslys, kvartanir og móttöku spilliefna og hættulegs úrgangs.

Ráðstafanir til aðkoma í veg fyrir myndun úrgangs

Tegund og magn úrgangs sem fellur til við framleiðsluna

Gera má ráð fyrir að heildarmagn hæsnaskíts frá stækkuðu búi verði um 1.210-1.480 tonn á ári. Gera má ráð fyrir uppsöfnuðum 450-555 tonnum af hæsnaskít um miðjan mars. Hauggeymslan að Hurðarbaki rúmar þetta magn og meira til. Auk hæsnaskíts má gera ráð fyrir um 22.700 kg af dýrahæjum, 8.300 kg af blönduðum úrgangi, 10.100 kg af grófum úrgangi og 3.900 kg af lituðu timbri.

Aðferðir sem valdar hafa verið til að draga úr mengun munu ekki koma til með að valda mengun annars staðar og losunarþættir rekstursins munu ekki hafa í för með sér sammögnunaráhrif.

Annað sem umsækjandi vill koma á framfæri

Brimgarðar ehf. eru landeigendur að jörðinni að Hurðarbaki, en Matfugl hefur leigt jörðina frá 2004.

Matfugl hefur gilt leyfi Matvælastofnunar til alifuglaeldis fyrir 4-10 eldishús. Það leyfi var gefið út árið 2014 og gildir til ársins 2026.

Núverandi starfsleyfi Matfugls fyrir kjúklingabúðið að Hurðarbaki er gefið út af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands árið 2008 og gildir til desember 2020. Það gildir fyrir allt að 80.000 fugla alifuglarækt

Áætlun vegna tímabundinnar rekstrarstöðvunar

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar alifuglabúsins að Hurðarbaki.pdf

Áætlun vegna varanlegrar rekstrarstöðvunar

Áætlun vegna rekstrarstöðvunar alifuglabúsins að Hurðarbaki.pdf

Umsókn um starfsleyfi fyrir starfsemi sem getur valdið bráðamengun á hafi eða ströndum vegna eðlis starfseminnar og/eða nálægðar hennar við sjó og talin er upp í a-lið í viðauka I í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda skal auk þess fylgja:

Viðbragsáætlun vegna bráðamengunar (Sýniseintak)

Staðfesting á að starfsemin hafi tryggingu í samræmi við Staðfestingu á tryggingu.pdf
lög nr. 33/2004

Áhættumat vegna bráðamengunar hafs og stranda

Bráðamengun hafs og stranda.pdf

Viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda

Bráðamengun hafs og stranda.pdf

Viðbragðsáætlunin skal byggja á (áhættumati)

Viðbótargögn

Viðbótargögn

Yfirlýsing